

Nd.

## 458. Frumvarp til laga

[243. mál]

um breyting á lögum nr. 68 31. maí 1976, um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir.

### 1. gr.

2. málsgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur í ljós, að mjólkurbörf einstakra byggðarlaga verði aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga og stuðla að aukinni mjólkurframleiðslu á viðkomandi svæði með sérstökum verðbótum á mjólk. Ber Sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Því fé, sem Sexmannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Sú breyting frá gildandi lögum, sem þetta frumvarp felur í sér, miðar að auknu jafnvægi milli mjólkurframleiðslu á hinum ýmsu landbúnaðarsvæðum annars vegar og markaðsþarfa hins vegar. Lagt er til að Framleiðsluráði landbúnaðarins sé heimilt ekki einungis að styrkja kostnaðarsama mjólkurflutninga milli sölusvæða, eins og nú tíðkast lögum samkvæmt, heldur jafnframt að örva mjólkurframleiðslu með sérstökum verðbótum á mjólk á þeim svæðum, sem í dag fullnægja ekki þörfum aðliggjandi markaðssvæða, en hafa möguleika til aukinnar mjólkurframleiðslu.

Árlega greiðir Framleiðsluráð upphæðir, er nema tugum milljóna króna, í flutningsgjöld á mjólk milli landshluta. Þessir flutningar fara fram flugleiðis að stórum hluta og er þá flutningsgjaldið á hvern mjólkurlíttra 40–50 kr. Öll skynsamleg rök mæla með því, að stefnt verði að því, að hver landshluti verði sjálfum sér nógur að því er varðar framleiðslu þessarar mikilvægu neysluvöru. Fjárfúlgum þeim, sem nú er varið til þessara rándýru flutninga, væri ólíkt betur varið til að ná því framtíðarmarkmiði, m. a. með þeirri aðferð, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, en til þess skortir lagaheimild nú.

Í umræðuum um landbúnaðarmál að undanförunu, þ. á m. á fjölmönnum bænda-fundum víða um land, hafa komið fram ákveðnar ábendingar og kröfur um að tekin verði upp markviss stjórnun framleiðslumála landbúnaðarins, er tryggi í senn aukna hagkvæmni í búrekstri og jafnvægi í markaðsmálum. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að hin stóru tæknivæddu bú, sem útheimta feikimikla fjárfestingu og launakostnað, skila töluvert minni hagnaði tiltölulega heldur en meðalstóru búin, sem eru viðráðanlegri í stofnun og rekstri. Byggð á Íslandi er víðast hvar þannig háttað, að heilstu þéttbýlissvæðin eru útvegshæir og þorp við ströndina, en landbúnaðarsvæðin, misjafnlega þéttbýl og gróskumikil, inn til fjarða og dala. Það hlýtur að vera affarasælast, að byggðirnar til sjávar og sveita þróist samhliða og uppfylli hver annarra þarfir. Í því er hið raunverulega byggðajafnvægi fólgið. Það er því mikilvægt að nýta af skynsemi og framsýni þá landkosti, sem fyrir hendi eru á hverjum stað, enda þótt það kosti mismunandi mikla fyrirhöfn. Í ýmsum nágrannalöndum okkar, m. a. í Noregi, eru styrkir og lán til landbúnaðar mismunandi eftir landssvæðum. T. d. eru ræktunarlán í Norður-Noregi 50% hærrí en annars staðar í landinu. Verðbótum á landbúnaðarafurðir er þar einnig beitt til að jafna aðstöðumun og örva framleiðslu, hliðstætt því sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.